

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1

Reykjavík, 14.11.2018

101 REYKJAVÍK
postur@uar.is

Efni: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, 1. útgáfa

Vísað er til máls nr. S-124/2018 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsóknum um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Orkuskipti í samgöngum eru ein af megin áherslum áætlunarinnar og eru viðfangsefni Grænu orkunnar, sem er samstarfvettvangur um orkuskipti. Verkefnisstjórn Grænu orkunnar hefur kynnt sér áætlunina og fagnar útgáfu hennar. Heilt yfir litið er aðgerðaráætlunin vel unnin en við þökkum fyrir tækifærið til að gera athugasemdir og vonum að þær komi að gagni.

Ísland hefur alla burði til skipta út öllu kolefniseldsneyti í samgöngum á landi og að einhverju leyti á sjó. Verkefnið er jú, auðveldara en hitaveituvæðingin sem hugrakkt fólk leiddi hér á árum áður. Nýleg rannsókn um þjóðhagslega hagkvæmni rafbílavæðingar hefur sýnt að við höfum beinan þjóðhagslegan ávinning af rafbílavæðingu en verkefnið er þess eðlis að, líkt og hitaveituvæðingin, fjárfestingarkostnaður er talsverður, en gríðarlegur ávinningur skilar sér yfir lengri tíma. Græna orkan fagnar banni við nýskráningu bíla en leggur áherslu á að 12 ár séu ekki mörg ár, og innleiða þarf metnaðarfullar aðgerðir í samstarfi við einkageirann til að þessu markmiði sé náð.

Aðgerðaráætlunin nýtir e.t.v. ekki þau gríðarlegu tækifæri sem hið opinbera hefur sem mikilvægasti kaupandi landsins og stærsti vinnuveitandi þess, ef litið er til bæði sveitarfélaga og ríkis.

Skylda mætti opinberar stofnanir að kaupa hreinorkubifreiðar nema með því að sækja um undanþágu. Það sama gildir um skip í eigu og rekstri hins opinbera. Hlutverk ríkisins getur verið gríðarlegt þegar kemur að innleiðingu nýrrar tækni, en þekking, reynsla og lausnir aukast mjög þegar vara eins og t.d. metanól skip eru afhent vel upplýstum kaupanda sem er tilbúinn að borga meira á meðan tækni er ný.

80% af íbúum á Reykjavíkursvæðinu búa í fjölbýli. Leikskólar, kirkjur, heilsugæslur og aðrar byggingar í opinberri eigu eða reknar með stuðningi ríkisins eru oftast umkringd bílastæðum sem eru mörg hver auð á nóttunni. Það væri gríðarleg hvatning til orkuskipta að bjóða almenningi upp á hleðsluádstöðu á mæli á þessum bílastæðum á nóttunni, og starfsfólki hleðsluádstöðu á starfstíma. Einkageirinn hefur verið leiðandi við að bjóða starfsfólki sínu upp á hleðslu og þarf breytingu á lögum og reglugerðum til að hið opinbera geti gert slíkt hið sama.

Ríkið rekur Leifstöð í gegnum Isavia, og stendur nú til að stækka hana og breyta. Orkuskipti í samgöngum ættu að vera þar meginmarkmið í stækkuninni. Tæknin er nú þegar til staðar til að skipta öllum þjónustubifreiðum á flugvællinum út fyrir hreinorkubifreiðar. Ef að hreinorkurútur fengu forgang við Leifstöð og aðra staði sem ríkið rekur myndi það ýta mjög undir orkuskipti í langferðarbílum á Íslandi. Vetnisbifreiðar gætu hentað ferðamönnum vel og er því mikilvægt að gera ráð fyrir afhendingu vetnis til bílaleigubíla á flugvallarsvæðinu.

Byggingarreglugerð kveður nú á um að gera skuli ráð fyrir hleðslu við byggingu nýs húsnæðis. Þetta þarf að víkka út til að það eigi líka við vinnustaði og gististaði.

Græna orkan fagnar mjög því tækifæri að fá að koma að þessu stóra og góða verkefni. Þekkingin er talsverð innan verkefnishópsins og erum við boðin og búin að funda með þeim sem vinna að áætluninni og ræða hvernig Græna orkan getur aðstoðað enn frekar að stuðla að orkuskiptum á Íslandi á fljótan, skynsaman og hugrakkan hátt.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Grænu orkunnar, Samstarfsvettvangs um orkuskipti kt. 560115-1130

Auður Nanna Baldvinsdóttir,

stjórnarformaður